

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um vistvæn innkaup.

1. Hvert er hlutfall vistvænna útboða af heildarfjölda útboða, þ.e. útboða með umhverfis-skilyrðum, útboða sem taka mið af líftímakostnaði eða útboða sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka umhverfisáhrif hjá Ríkiskaupum fyrir árin 2015–2018?

#### Hlutfall útboða hjá Ríkiskaupum með vistvænum skilyrðum

	2018	2017	2016	2015*
Heildarfjöldi útboða	140	138	122	172
Fjöldi útboða með vistvænum skilyrðum	43	28	24	-
Hlutfall útboða með vistv. skilyrðum	31%	20%	20%	-

\*Samantölur fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir. Skráningu var breytt það ár.

2. Hvernig hyggst ráðuneytið auka hlutfall vistvænna útboða á næstu árum og hvaða mælanlegu markmiðum er stefnt að því að ná fyrir árið 2021?

Unnið er að stefnumótun fyrir opinber innkaup í fjármála- og efnahagsráðuneytinu með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðuneytis og stefnt er að því að einn liður í henni verði að leggja fram stöðumat í samráðsgátt stjórnvalda í nóvember. Til hliðsjónar er heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 12.7: „Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.“ Fyrirhugað er að aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum til þriggja ára fylgi með innkaupastefnunni þegar hún hefur verið samþykkt. Á meðan er unnið samkvæmt eldri stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur.